

# Umhverfisstefna

## Hafnarfjarðarhafnar



*Hafnarfjarðarhöfn hefur að leiðarljósi að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum, stuðla að vistvænni starfsemi og lágmarka óæskileg umhverfisáhrif vegna þeirrar starfsemi sem fram fer á hafnarsvæðinu.*

*Hafnarfjarðarhöfn leggur áherslu á virka umhverfisvöktun og hefur tekið upp kolefnisbókhald og kolefnisjöfnun á rekstri hafnarinnar.*

*Hafnarfjarðarhöfn leggur áhersla á að efla umhverfisvitund starfsmanna hafnarinnar og þeirra viðskiptavina og þjónustuaðila sem starfa á hafnarsvæðinu.*

### Almennir starfshættir

- Framfylgja skal með skýrum hætti öllum lagalegum kröfum sem eiga við um hollustu, heilbrigði og umhverfismál vegna starfsemi á hafnarsvæðinu.
- Starfsmenn hafnarinnar skulu hafa greiðan aðgang að fræðslu um umhverfismál.
- Við innkaup á vörum og þjónustu skal litið sérstaklega til umhverfisþátta.
- Fylgst skal með því að fyrirtæki sem starfa innan hafnarsvæðis fylgi þeim umhverfiskröfum sem þeim eru settar af stjórnvöldum eða hafnaryfirvöldum.

### Aðgerðaráætlun:

- ❖ Upplýsingar um umhverfisstefnu, eftirfylgni og einstök verkefni sem snúa að umhverfismálum skulu vera aðgengileg á heimasíðu Hafnarfjarðarhafnar.
- ❖ Starfsmönnum verða hvattir til sækja námskeið og afla sér þekkingar á umhverfismálum, búnað og tækni sem getur tryggt bætt umhverfi hafnarinnar.
- ❖ Verkstjórar á hafnarsvæði verða í forsvari fyrir umhverfisvakt hafnarinnar.

## Vistvænar samgöngur

- Lögð er áhersla á að nota vistvæn farartæki á vinnusvæði hafnarinnar.
- Hafnarfjarðarhöfn hefur afnot af bæði rafmagnsbíl og rafmagnsvagni.
- Við endurnýjun farartækja skal leitað eftir vistvænum og sparneytnum tækjum.
- Vinna á hafnarsvæði skal skipulögð þannig að dregið sé úr þungaakstri sem kostur er.
- Á opna hafnarsvæðinu skal tryggð örugg umferð gangandi og hjólreiðafólks.

### Aðgerðaráætlun:

- ❖ Við endurnýjun bíla- og tækjabúnaðar hafnarinnar skulu umhverfisleg sjónarmið höfð að leiðarljósi.
- ❖ Í skipulagsvinnu fyrir hafnarsvæði skal sérstaklega horft til umhverfislegra sjónarmiða, varðandi bæði umferðarmál og almenna starfsemi á svæðinu.

## Lýsing og hávaði

- Til að draga úr orkunotkun við raflýsingu skal koma upp led-lýsingu á hafnarsvæðinu og við lýsingu í neyðarstigum á hafnarbökkum.
- Gæta skal að því að lýsingarbúnaður sé rétt stilltur til að koma í veg fyrir ljósmengun.
- Kappkosta skal að halda í lágmarki hljóðmengun frá hafnarsvæðinu.
- Til að draga úr hljóðmengun ber að raftengja öll skip sem geta tengst rafþjónustukerfi hafnarinnar.
- Stefnt skal að því að efla enn frekar raftengikosti svo hægt verði að tengja bæði stærri frystitogara og millistór farþegarskip með orkuþörf allt að 5 MW.

### Aðgerðaráætlun:

- ❖ Ljúka skal endurnýjun lýsingarbúnaðar á hafnarsvæðum fyrir árslok 2022.
- ❖ Gera skal reglulega hljóðvistarkönnun á hafnarsvæðinu, bæðin innan og utan Suðurgarðs.
- ❖ Koma skal upp raftengikerfi á Suðurbakka, allt að 5 MW fyrir árslok 2022, til að þjóna minni farþegaskipum, farmskipum og frystitogurum.

## Úrgangur og spilliefni

- Fækka skal sem kostur er notkun á mengandi og hættulegum efnum.
- Fyrirbyggja skal að mengandi efni berist í fráveituvatn.
- Traust ílát skulu vera til staðar á hafnarsvæðum til að taka við spilliefnum.
- Tryggja skal skráningu, skil og endurvinnslu á spilliefnum sem koma frá hafnarsvæði.

### Aðgerðaráætlun:

- ❖ Höfnin skal vera þátttakandi í samræmdu skráningar- og eftirlitskerfi „PortMaster“ til að halda utan um skil á öllum úrgangi og mengandi efnum frá hafnarsvæðinu.
- ❖ Á opnu hafnarssvæði verður komið upp aðstöðu til að losunar á flokkuðum úrgangi.

## Neysluvatn

- Tryggja skal í samvinnu við Vatnsveitu Hafnarfjarðar bestu gæði neysluvatns sem kostur er á fyrir afgreiðslu til skipa.
- Gæðaeftirlit skal vera með allri vatnsþjónustu á hafnarsvæðinu. Vottorð um vatnsgæði liggi reglulega fyrir frá Heilbrigðiseftirliti.
- Hefta skal sem kostur er sjálfrennandi vatn úr slöngum á hafnarsvæði.

### Aðgerðaráætlun:

- ❖ Sýnatökur á vatni úr afgreiðslubrunnum á hafnarsvæði skulu gerðar að lágmarki einu sinni á hverju ári.
- ❖ Skila skal úttekt á innra eftirliti vegna vatnsþjónustu til Vatnsveitu fyrir hvert 12 mánaða tímabil.

## Skipulag/framkvæmdir

- Horfa skal til allra umhverfisþátta við skipulag og framkvæmdir á hafnarsvæðinu.
- Nýta skal sem kostur er, dýpkunarefni og jarðveg frá framkvæmdum á svæðinu til nýrra landfyllingr á hafnarsvæðinu.
- Öll opin hafnarsvæði skulu vera aðgengileg almenningi og umhirða þar skal vera til fyrirmyndar.

### Aðgerðaráætlun:

- ❖ Við endurbyggingu á Flensborgar- og Óseyrarssvæði á næstu árum skal nýta sem mögulegt er, allt jarðefni sem fellur til byggingarlóðum til hafnargerðar og landfyllinga innan hafnarsvæðisins.
- ❖ Komið verður upp setsvæðum í almenningrými við Flensborgarhöfn og bætt aðgengi meðfram hafnarsvæði þar og við Fornubúðir.

### Umhverfisvöktun

- Starfsmenn hafnarinnar skulu fylgjast dags daglega með öllu umhverfi og umgengni á hafnarsvæðinu og sjá til þess að farið sé að reglum og gripið til aðgerða ef þörf er á.
- Öll starfssemi hafnarinnar, aðföng og rekstur er skráð í kolefnisbókhaldi sem er opið almenningi.

### Aðgerðaráætlun:

- ❖ Öllum ábendingum um það sem sem betur má fara í umgengni innan hafnarsvæðis skal þegar komið til viðkomandi aðila og því fylgt eftir að úrbætur eigi sér stað.
- ❖ Meginmarkmið skal vera að draga sem kostur er úr kolefnislosun sem fylgir starfsemi á hafnarsvæðinu.
- ❖ Starfsemi hafnarinnar skal kolefnisjöfnuð með samningi við Kolvið.

### Viðbragðsáætlanir

- Til staðar er viðbragðsáætlun við bráðamengun, staðfest af umhverfisstofun, sem nær til allra hafnarsvæða innan Hafnarfjarðarhafnar.
- Búnaður til fyrstu viðbragða vegna olíumengunar skal vera til staðar á hafnarsvæðinu.
- Samningur er í gildi við Slökkvilið höfðuborgarsvæðisins um sérfræðipjónustu vegna mengunarslysa, sértækan tækjabúnað og þjálfun starfsmanna.

### Aðgerðaráætlun:

- ❖ Árlega skal halda sameiginlega æfingu hafnarstarfsmanna og slökkviliðs og annarrar viðbragðsaðila vegna mögulegrar olíumengunar á hafnarsvæðunum í Hafnarfirði og Straumsvík.
- ❖ Reglulegt eftirlit skal vera með birgðahaldi og ástandi búnaðar vegna bráðamengunar sem er á að vera til staðar á hafnarsvæðum.

